

Reykjavík, 18. desember 2020
SFS2020110153
198. fundur
HG/hgh/hl

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi biðlista eftir sérskólaúrræðum

Á fundi borgarráðs, 19. nóvember 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita um hver sé biðlisti nú í sérskólaúrræði á vegum borgarinnar?

Svar:

Klettaskóli:

Allir nemendur sem sóttu um Klettaskóla vorið 2020 og uppfylltu viðmið samkvæmt auglýsingu um reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla nr. 949/2016 frá mennta- og menningarmálaráðuneyti fengu inngöngu í skólann. Engum nemanda sem hefur uppfyllt viðmiðin hefur verið hafnað undanfarin skólaár. Enginn biðlisti er því í skólann.

Brúarskóli:

Nú eru fyrirbyggjandi 8 umsóknir á miðstigi í Vesturhlíð, Brúarhús og Brúarsel. Stefnt er að því að taka inn nemendur eftir áramót og eru allt að 6 laus pláss samtals í Vesturhlíð, Brúarseli og Brúarhúsum frá áramótum.

Fyrirbyggjandi eru 11 umsóknir á unglingastig í Vesturhlíð. Af þeim eru tvær sem ekki voru metnar í þörf fyrir skólavist en óskað eftir að þeim yrði haldið virkum. Ein umsókn er ófullgerð.

Sérhæfðar sérdeildir fyrir einhverfa nemendur:

Við lok umsóknarfrests í deildirnar, 1. mars 2020 lágu fyrir 15 umsóknir, 2 umsóknir til viðbótar bárust eftir að umsóknarfrestur rann út. Alls var 7 nemendum boðið pláss í deildunum, 2 uppfylltu ekki viðmið um inntöku og 6 umsóknir forgangsörðuðust ekki í mikilli þörf fyrir pláss í sérdeild og var boðið að halda umsókn virkri. Óskað var eftir að halda 4 umsóknum virkum.

Pláss losnaði í einni deildinni sem tekur nemendur í 1. til 7. bekk, eftir að skólaárið hófst og var 2 virkum umsækjendum á þeim aldri boðið pláss. Báðir umsækjendur höfnuðu plássinu og kusu að halda áfram skólagöngu í sínum skóla. Innvið eru því virkar umsóknir vegna tveggja nemenda frá vori 2020 sem ekki var hægt að verða við auk tveggja umsókna sem bárust eftir að umsóknarfrestur rann út. Alls útskrifast 7 nemendur úr deildunum í vor og verða þá a.m.k. 8 pláss laus.

Táknmálssvið Hlíðaskóla:

Enginn biðlisti er á Táknmálssvið, allir nemendur sem sótt hafa um hafa fengið skólavist.